

# Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

## Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs

22. jan. 2024, kl. 16:00

Borgartúni 12-14

**Mættir:** Kristinn Jón Ólafsson, Sigurveig M. Ölundardóttir og Sverrir B. Magnússon og María Björk Óskarsdóttir Stella Stefánsdóttir og Kristín Hermannsdóttir tóku þátt gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig sátu fundinn:

Óskar Sævarsson, Glóey Helgudóttir Finnsdóttir og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Úrsögn Reykjavíkur úr Reykjanesfólkvangi

Kynnt var að starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur hafi fundað með Umhverfisstofnun til að óska leiðbeininga um ferli máls vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um úrsögn úr Reykjanesfólkvangi sem tekin var í borgarstjórn. Engin fordæmi eru fyrir slíkri úrsögn og lög og reglugerðir fjalla ekki um hvernig það skuli gert. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar voru að Reykjavík ætti að ræða þessa ákvörðun við hin sveitarfélögin og kanna hvort þau gætu tekið við fólkvanginum án Reykjavíkur.

Það er hins vegar mat Reykjavíkurborgar að þetta sé sjálfstæð ákvörðun Reykjavíkurborgar sem ekki þyrfti að bera undir hin sveitarfélögin.

Kynnt voru drög að bréfi sem Reykjavíkurborg áformar að senda til sveitarfélaga sem aðild eiga að Reykjanesfólkvangi og til Umhverfisstofnunar.

Samþykkt var að gefa fulltrúum sveitarfélaganna tækifæri til að ræða bréfið og möguleg viðbrögð hver í sínu sveitarfélagi og halda síðan nýjan fund.

Fundi slitið 17:10